

11

16. marz

8. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók er í skulu bókaðar ákvarðanir hennar um styrkúthlutun og annað er sjóðinn varðar. Þar skulu og bókaðar kvittanir styrkþega. Reikningur sjóðsins skal árlega færður í gerðabókina og auglýstur almenningi á hreppsfundum.

Með framanrituðum skilyrðum afhendum við sjóð þenna til eignar Ólafs-fjarðarhreppi, og skal leita kgl. staðfestingar á reglugerð þessari.

p.t. Ólafsfirði 20. janúar 1933.

Páll Bergsson. Svanhildur Jörundsdóttir.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „1930 minningarsjóð Austfirðinga vestanhafs“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómismálaráðherra 16. marz 1933. Skipulagsskráin er þannig:

12

16. marz

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir „1930 minningarsjóð Austfirðinga vestan hafs“.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „1930 minningarsjóður Austfirðinga vestan hafs“, og er stofnaður á 1000 ára afmæli alþingis 1930.

Stofnfé sjóðsins eru kr. 5740.00 — fimm þúsund sjö hundruð og fjörutíu krónur.

Stofnendur sjóðsins eru Austfirðingar búsettir í Vesturheimi.

2. gr.

Sjóðurinn er af gefendunum afhentur húsmæðraskólanum á Hallormsstað til fullrar og ótakmarkaðrar eignar og umráða.

Sjóðurinn er afhentur þannig:

Kr. 5640,00 eru afhentar í peningum, og kr. 100,00 eru afhentar í hluta-bréfum Eimskipafélags Íslands.

Næstu 100 ár skal $\frac{1}{3}$ vaxtanna árlega lagður við höfuðstólinn. Má ekki skerða höfuðstólinn þann tíma.

Að 100 árum liðnum skal skipulagsskráin endurskoðuð og þá ákveðin með-ferð höfuðstóls og vaxta eftir því sem hentast þykir. Sjá þó 3. gr.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt starfa sem styrktarsjóður nemenda við húsmæðra-skólann á Hallormsstað. Skal árlega úthluta $\frac{2}{3}$ vaxtanna til styrktarstarfsemi í næstu 100 ár. Sjá 2. gr.

Nemendur eldri deildar skulu einir njóta vaxtanna þennan tíma. Ákveður **12**
kennarafundur hve margir nemendur skulu njóta styrks á ári hverju og hve **16. marz**
háar upphæðir hverjum skuli greiddar.

Fyrsta úthlutun fer fram af vöxtum ársins 1931.

4. gr.

Skólaráð húsmæðraskólans á Hallormsstað hefur á hendi yfirumsjón sjóðs-
ins, en að öðru leyti hefur forstöðukona skólans ráðsmennsku hans.

Reikningur sjóðsins skal árlega birtur á þann hátt, sem skólaráðið telur
hentugast.

5. gr.

Verði húsmæðraskólinn á Hallormsstað lagður niður ákveður stjórn skól-
ans um leið og bú hans er gert upp hvernig starfsemi sjóðsins skuli háttað í
framtidinni. En taka skal fyllsta tillit til óska og vilja gefendanna eins og hann
kemur fram í afhendingarbréfi sjóðsins.

6. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Fullgerð á Hallormsstað 4. september 1932.

Forstöðukona húsmæðraskólans á Hallormsstað.

Sigrún P. Blöndal.

Í skólaráði húsmæðraskólans á Hallormsstað.

Páll Hermannsson.

Margrét Pétursdóttir.

Björn Hallsson.

S A M Þ Y K K T

13

17. marz

um forkaupsrétt og forleigurétt Eskifjarðarhrepps á hafnarmannvirkjum o. fl.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22, 23. júní 1932 um forkaupsrétt kaupstaða
og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl. hefir hreppsnefnd Eskifjarðarhrepps
gert eftirfarandi samþykkt:

Eskifjarðarhreppi í Suður-Múlasýslu er áskilinn forkaupsréttur og forleigu-
réttur á eftirgreindum fasteignum í hreppnum:

Á fasteignum h.f. Andra á Eskifirði, þeim er hér greinir:

Hafskipabryggju ásamt 3 vörugeymsluhúsum og verzlunar- og skrifstofu-
húsi, íbúðarhúsi og ís- og frystihúsi.

Á fasteignum h.f. Andra á Eskifirði, þeim er hér greinir:

íbúðarhúsi h.f. Andra.